

# *finn*

FJÁRMÁLA<sup>e</sup>FTIRLITIÐ

**Leiðbeinandi tilmæli**  
**um verklagsreglur váttryggingafélaga um verðbréfavíðskipti**  
**félagsins, stjórnar þess og starfsmanna.**

**Ekki í gildi**  
nr. 6/2002

Gefið út skv. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

**20. ágúst 2002**

## Inngangur

Skjal þetta er sent váttryggingarfélögum sem skv. 6. mgr. 43. gr. laga nr. 60/1994, sbr. 16. gr. laga nr. 11/2000, ber skylda til þess að setja verklagsreglur um verðbréfavíðskipti félagsins, stjórnar þess og starfsmanna. Af hálfu Fjármálaeftirlitsins var ákveðið að setja saman leiðbeiningar um setningu verklagsreglna um verðbréfavíðskipti váttryggingafélaga. Nú liggja fyrir leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins um verklagsreglur váttryggingarfélaga um verðbréfavíðskipti félagsins, stjórnar þess og starfsmanna.

Mikilvægt er að stjórnendur váttryggingafélaga geri sér grein fyrir því að leiðbeinandi upplýsingar um efni verklagsreglna sem fylgja hjálaga bréfi þessu fela í sér lágmarkskröfur. Með hliðsjón af því þarf e.t.v. að gera strangari kröfur í einstökum tilfellum til að markmið lagaákvæðisins náist og leggur Fjármálaeftirlitið áherslu á að verklagsreglur um verðbréfavíðskipti séu sniðnar eftir starfsemi og stærð félagsins í hverju einstöku tilfalli. Fjármálaeftirlitið vill einnig minna á leiðbeinandi tilmæli nr. 1/2001 um efni reglna fjármála fyrirtækja sem geta verið til frekari aðstoðar og útskýringar við gerð verklagsreglna váttryggingarfélaga og starfsmanna þeirra um verðbréfavíðskipti.

## Ekki í gildi

### **Verklagsreglur [nafn félags] um verðbréfavíðskipti félags, stjórnar þess og starfsmanna.**

**Að lágmarki þarf að koma fram í reglum hvert sé gildissvið og markmið reglnanna:**

- Að reglur séu settar samkvæmt 6. mgr. 43. gr. laga um váttryggingastarfsemi nr. 60/1994 með síðari breytingum.
- Að þær taki, eftir því sem við getur átt, til nafn félagsins, stjórnarmanna og þeirra starfsmanna þess sem koma að ákvörðunum um eða framkvæmd verðbréfavíðskiptafélagsins með einhverjum hætti, svo og fjölskyldna þeirra. Hér er hægt að gera ráð fyrir því aðrir starfsmenn en ofangreindir séu undanþegnir ákvæðum 7. gr. reglnanna um tilkynningaskyldu
- Að reglunum sé ætlað að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra í starfsemi félagsins og jafnframt að draga úr hættu á að þeir sem þær taka til tengist einstökum úrlausnarefnum með þeim hætti að fyrirfram megi draga í efa óhlutdrægni þeirra við meðferð og afgreiðslu einstakra mála.

Að reglurnar komi til viðbótar reglum um meðferð trúnaðarupplýsinga og viðskipti innherja sbr. 37. gr. laga nr. 13/1996 um verðbréfavíðskipti sé fyrirtæki skráð í kauphöll eða á skipulegum tilboðsmarkaði. En fremur er nauðsynlegt að tilgreina að reglurnar taki ekki einvörðungu til trúnaðarupplýsinga, heldur miði einnig að því að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra í tengslum við verðbréfavíðskipti félagsins.

Í reglunum þurfa eftirfarandi skilgreiningar að koma fram til þess að starfsmenn geti betur gert sér grein fyrir þeim er þær koma fyrir í reglunum. Hér gætu skilgreiningar sem þurfa að koma fram verið eftirfarandi:

- *Fjölskylda*: Maka starfsmanns, sambúðaraðila eða samvistarmaka og ófjárráða börn.
- *Trúnaðarupplýsingar*: Sjá skilgreiningu í 4.tl. 2. gr. laga nr. 13/1996.
- *Verðbréf*: Sjá skilgreiningu í 3.tl. 2.gr. laga nr. 13/1996.

Í reglunum er nauðsynlegt að tilgreina meðferð trúnaðarupplýsinga sbr. eftirfarandi:

**Ekki í gildi**

- Þeim sem þessar reglur taka til og sem búa yfir eða hafa aðgang að trúnaðarupplýsingum er óheimilt að:

1. afla eða ráðstafa verðbréfum, fyrir eigin reikning eða annarra, búi þeir yfir trúnaðarupplýsingum.
2. láta þriðja aðila upplýsingarnar í té, nema það sé gert í eðlilegu sambandi við starf, stöðu eða skyldur þess sem upplýsingarnar veitir.
3. ráðleggja þriðja aðila á grundvelli upplýsinganna að afla verðbréfa eða ráðstafa þeim eða hvetja að öðru leyti til viðskipta með verðbréfin.

*Sjá nánar V. kafla. laga nr. 13/1996 um verðbréfavíðskipti.*

Í reglunum þarf að kveða á um markaðshegðun, hæfi, þagnarskyldu, tilkynningar og rannsóknarskyldu sem að mati Fjármálaeftirlitsins gegna mikilvægu hlutverki í að stuðla að trúverðugleika og heilbrigðum viðskiptaháttum í verðbréfavíðskiptum félaganna. Að lágmarki þarf að kveða á um eftirfarandi:

- **Markaðshegðun**: Að þeim sem þessar reglur taka til sé óheimilt að taka þátt í, stuðla að eða hvetja til viðskipta með verðbréf eða annarra aðgerða í því skyni að gefa ranga mynd af umfangi viðskipta með tiltekin verðbréf eða hafa óeðlileg eða óhæfileg áhrif á verðmyndun í verðbréfavíðskiptum. Jafnframt að þeim sé óheimilt að eiga viðskipti fyrir

eigin reikning með því að nýta sé í eigin þágu viðskiptakjör sem félag kann að njóta hjá þriðja aðila. Ennfremur að þeir eigi ekki viðskipti með einstök verðbréf á sama tíma og félagið eða verðbréf sem félagið hyggst eiga viðskipti með fyrir eigin reikning í nánustu framtíð þegar þeir hafa vitneskju um slík viðskipti vegna starfsins.

• **Hæfi:** Að tilgreint sé í reglunum að stjórnarmaður eða starfsmaður félagsins sé vanhæfur til að eiga aðild að ákvörðun um verðbréfavíðskipti félagsins ef hann hefur hagsmuna að gæta, sem kynnu að fara í bága við hagsmuni félagsins eða gagnaðilans í viðskiptunum. Sama gildi ef um sé að ræða ákvarðanir sem tengjast fjölskyldu hans, venslamönnum eða fyrirtæki, þar sem hann kunni að eiga umtalsverðra hagsmuna að gæta sem eigandi, stjórnarmaður eða starfsmaður.

Ennfremur skuli stjórnarmaður eða starfsmaður sem veit um ástæður er valda vanhæfi hans vekja án tafar athygli á þeim.

• **Þagnarskylda:** Að þeim sem reglunum séu bundnir beri ætíð að gæta að trúnaðarupplýsingum og upplýsingum sem þagnarskylda hvílir á sé ekki miðlað til fleiri aðila en brýna nauðsyn ber til í hverju tilviki. Stjórnarmenn, framkvæmdastjóri, aðrir starfsmenn sem og endurskoðendur skulu hafa reglu á því hverjir hafi aðgang að trúnaðarupplýsingum og hvemig þeir miðla slíkum upplýsingum sín á milli. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

• **Tilkynningaskylda:** Að í reglunum komi fram að þeir starfsmenn sem koma að ákvörðunum um eða framkvæmd verðbréfavíðskipta félagsins með einhverjum hætti skulu að eigin frumkvæði tilkynna þeim sem ábyrgir eru fyrir framkvæmd reglnanna (regluvörður) um öll viðskipti fyrir eigin reikning samdægurs, þegar það á við, og eigi síðar en við upphaf næsta vinnudags eftir að þau voru gerð. Tilkynna skal um viðskipti með afleiðusamninga bæði þegar þeir eru gerðir og við uppgjör. Þeir starfsmenn sem sjá um fjárfestingar fyrir félagið skulu tilkynna um verðbréfaeign sína er þeir taka við starfinu. Það þar að koma fram að regluvörður<sup>1</sup> skuli halda skrá um tilkynningarskyld verðbréfavíðskipti starfsmanna þar sem skráðar eru upplýsingar um verðbréfin, fjárhæð nafnverðs, kaupverð og tímasetningu kaupa.

• **Rannsóknarskylda:** Að í reglunum komi fram að leiki vafi á því hvort fyrirhuguð viðskipti geti samrýmst ákvæðum þessara reglna eða önnur atvik séu með þeim hætti að ákvæði þessara reglna eigi við skuli þeir aðilar sem reglurnar taka til leita álits þeirra sem ábyrgir (regluvörður) eru fyrir framkvæmd reglnanna f.h. félagsins, eftir því sem við á, sem sker úr

<sup>1</sup> Viðauki um regluvörð fylgir þessum reglum til nánari skýringar.

um slík atriði áður en viðskipti eru framkvæmd eða önnur skref stigin sem gætu brotið gegn reglunum.

**Í reglunum þarf að gera grein fyrir því að starfsmenn félags undirriti yfirlýsingu þess efnis að þeir hafi kynnt sér reglurnar sbr. eftirfarandi og hafi kynnt sér og maka sínum þessar reglur og skuldbindi sig til að hlíta þeim, sbr. fylgiskjal með þessum reglum Einnig þarf að gera ráð fyrir eftirliti með framkvæmd reglnanna:**

- Ákvæði þess efnis að framkvæmdastjóri félagsins og sá starfsmaður sem gerður hefur verið ábyrgur fyrir framkvæmd reglnanna (regluvörður), skuli, eftir því við á, sjá um og bera ábyrgð á kynningu þessara reglna meðal núverandi og nýrra starfsmanna og að þeir staðfesti skriflega að þeir hafi kynnt sér þær. Einnig skuli ofangreindir aðilar sjá til þess að reglurnar séu almennt á vitorði stjórnarmanna og starfsmanna félagsins ásamt þeim sem reglurnar varði. Einnig beri ofangreindum að sjá til þess að reglurnar séu jafnan aðgengilegar fyrir þá sem undir þær heyra.

**Í reglunum þarf að tilgreina hvernig skuli farið með brot á reglunum:**

- Þá er nauðsynlegt að brot á reglunum séu tafarlaust tilkynnt þeim starfsmanni félagsins sem gerður hefur verið ábyrgur fyrir reglunum (regluverði) sem, ber að tilkynna stjórn félagsins um meint brot á reglunum og í þeim tilfellum skal tilkynna það Fjármálaeftirlitinum.

**Ekki í gildi**

**Gera þarf ráð fyrir viðurlögum í reglunum:**

- Taka þarf fram að brot á reglunum geti varðað áminningu eða uppsögn aðila er brjóta gegn þeim ásamt því að eftir því sem við verður komið gangi viðskipti sem brjóta gegn reglunum til baka. Brot á ákvæðum reglnanna geta falið í sér brot á lögum um verðbréfavíðskipti og getur starfsmaður því sætt viðurlögum skv. þeim, sbr. 69. gr. laganna.

**Taka þarf á hvenær reglurnar taka gildi þ.e. að reglurnar taki gildi við undirritun stjórnar félagsins og að fenginni staðfestingu Fjármálaeftirlitsins samkvæmt lögum.**

20. ágúst 2002

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

Páll Gunnar Pálsson

Kristinn Arnar Stefánsson

## Viðauki um regluvörð.

Fjármálaeftirlitið gerir ríkar kröfur til þess að framkvæmd reglnanna og eftirlit með þeim sé í góðu horfi. Reglur eru gagnast oftast lítið ef viðeigandi eftirlitskerfi eru ekki til þeim til stuðnings. Til að stuðla að þessu telur Fjármálaeftirlitið að tilnefna þurfi umsjónaraðila eða regluvörð með framkvæmd þeirra. Á þetta sér fyrirmyndir erlendis, m.a. í Bretlandi (compliance officer).

Hlutverk regluvarða er m.a að reka kerfisbundið eftirlitskerfi með verðbréfaviðskiptum þeirra sem reglurnar taka til. Í ákvæði um eftirlit er því nauðsyn til þess að greina frá því að tilnefndur sé umsjónaraðili/regluvörður sem hafi eftirlit með framkvæmd reglnanna ásamt því að bera ábyrgð á kynningu þeirra meðal núverandi og nýrra starfsmanna. Regluverði er ætlað að hafa sérstakt eftirlit með viðskiptum starfsmanna með verðbréf þar sem við á. Einnig ber regluverði að taka við kvörtunum um meint brot á reglunum frá starfsmönnum félagsins og halda sérstaka skrá þar að lútandi. Regluverði ber að tilkynna stjórn félagsins um meint brot á reglunum sem í þeim tilfellum skal upplýsa Fjármálaeftirlitið um málsatvik.

Regluvörður getur verið framkvæmdarstjóri eða annar starfsmaður félags sem ákveður. Áfram er lögð áhersla á að stjórnendur og stjórn fjármálafyrirtækis beri ábyrgð á að farið sé að reglunum og hafi eftirlit með þeim. Þá er mikilvægt að undirstrika að hlutaðeigandi starfsmaður ber ábyrgð á viðskiptum sínum þó hann hafi fengið leyfi regluvarðar, t.d. ef í ljós kemur að hann hafi búið yfir trúnaðarupplýsingum.

**EKKI Í GLIÐI**